



FUNDARGERÐ

**Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn
21. október 2019 kl. 17:00 í Borgarnesi**

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Finnbogi Leifsson, Unnur Þóra Sigurðardóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Karitas Jónsdóttir, og Sævar Jónsson, Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri og undir lið 3 og 5 sat fundinn Þorsteinn Eypórsson, staðarhaldari í Fíflholtum.

1. Fundargerð síðasta fundar 28. ágúst 2019

Undirrituð og samþykkt.

2. Gjaldskrá og tillaga að hækkun

Fyrir fundinum lá frammi tillaga umum 25% hækkun gjaldskrár.

Almennt sorp hækki í 10,10 kr./án vsk. og sláturúrgangur 19,40 kr./án vsk., timburkurl til yfirlags 2,0 kr./án vsk.

Seyra – rætt um hækkun á móttöku vegna seyrur.

Fundarmenn ræddu tillöguna ítarlega. Framkvæmdastjóra falið að koma með inn á næsta fund skjal þar sem búið væri að taka saman gjaldskrár annarra sorpurðunarfyriertækja og jafnframt að setja inn í það skjal hækkun gjaldflokka um 25% ásamt núverandi gjaldskrá. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að koma með rökstuðning fyrir væntanlegri hækkun, þ.e. að setja á blað þau verkefni sem eru á næstunni hjá Sorpurðun Vesturlands og áætlaðan kostnað við þau verkefni Afgreiðslu málsins frestað.

3. Rekstur í Fíflholtum og UST.

a. Reglubundið eftirlit 26.6.2019

Lögð fram eftirlitsskýrsla frá Umhverfisstofnun frá 26.júní sl. og úrbótaáætlun vegna þriggja frávíka, sem eru:

- a. urðun umfram 15.000 tonn samkvæmt starfsleyfi.
- b. hreinsun sigvatns en breyta þarf skilgreindum viðtaka,
- c. skráningar sem t.d. eru veðurfarsmælingar.

Útbótaáætlun hefur verið send til UST svo og þær skráningar sem kallað er eftir fyrir árið 2018.

i. Áhættumat /Efla

Efla verkfræðistofa mun endurmeta áhættumat m.t.t. lagabreytinga er varða áhættumatið.

ii. Ending á líftíma urðunarreinar.

Samantekt send sem tekin var saman af ReSource varðandi ferli urðunar frá 13.06.2019.

iii. Skógrækt

Lagaðar fram tillögur að frekari skógrækt á, og við, urðunarsvæðið. Unnið hefur verið að gróðursetningu í haust og hafa 1.030 plöntur verið gróðursettar í ár. Fundarmenn sammála um að halda áfram skógrækt í Fíflholtum og jafnframt að hefja gróðursetningu norðan við urðunarsvæðið.

iv. Troðari

Þorsteinn Eypórsson ræddi um aldur á troðaranum og þá auknu áhættuna sem fylgir því. Sorpurðun Vesturlands hf. keypti umræddan troðarann fyrir tólf árum og nýlega er búið að skipta um vél í honum. Hann er því kominn á talsvert viðhald,

v. Veifaræri

Þorsteinn og Hrefna greindu frá heimsókn Braga í Skipatækni en hann er að vinna fyrir Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Þann 8. okt. sl. Framkvæmdastjóra falið að leita til að losna við veiðafæraúrganginn frá Fíflholtum og jafnframt að leita eftir hagstæðum verðum í flutning.

4. Verkefni um lífrænan úrgang. (EFLA)

a. Fundur á Hótel Hamri 23.september 2019

Formaður fór yfir það sem gerðist á fundinum. Jafnframt var farið yfir kostnaðaráætlun EFLU varðandi uppbyggingu á aðstöðu fyrir vinnslu fyrir lífrænan úrgang í Fíflholtum. Einnig var farið yfir hugsanlega rekstrarkostnað fyrir slíka stöð og ljóst að kostnaðurinn við reksturinn yrði talsverður. Rætt um framhald verkefnisins. Formaður og framkvæmdastjóra falið að ræða við SORPU bs um hugsanlegt samstarf varðandi lífræna úrganginn og kynna niðurstöðu þeirra viðræðna fyrir stjórn félagsins..

5. Erindi frá Gámaþjónustunni og Sorpstöð Suðurlands.

a. Gámaþjónustan

Gámaþjónustan sendifyrirspurn vegna urðunar á ýmsum úrgangsflokkum, m.a. veiðarfærum sem uppfylla ekki skilyrði fyrir endurvinnslu hjá SFS, rúmdýnur, sem margar innihalda að meiri hluta járn umfram lífræn efn, steinefni sem flokkast undir lífræn efni. Einnig fóru þeir yfir útfærslu á innheimtu fyrir úrgang sem kemur frá Vestfjörðum. Framkvæmdastjóra og Þorsteini Eypórssyni falið að fara yfir erindið og koma með tillögu fyrir næsta fund stjórnar. Hvað reikningagerð varðar er framkvæmdastjóra falið að útfæra þá leið.

b. Sorpstöð Suðurlands

Sorpstöð Suðurlands óskar eftir framlengingu á samkomulagi Sorpstöðvar Suðurlands bs við Sorpurðun Vesturlands frá því í mars 2019..

Stjórn samþykkti með fjórum atkvæðum að taka við allt að 2.500 tonnum samtals fyrir árin 2019 og 2020 (en í samkomulaginu frá mars 2019 var samþykkt að taka við samtals 2500 tonnum árið 2019 en ljóst er að það magn mun ekki koma inn í Fíflholt á árinu 2019). Finnbogi Leifsson greiddi atkvæði gegn tillögunni.

6. Samband ísl. Sveitarfélaga

- a. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir verkefnum sem
- b. Fundargerð frá 15.08 2019 – Lögð fram

- c. Byggingarúrgangur gögn merkt drög.- Framkvæmdastjóri sagði frá verkefni sem er í undirbúningi á Mannvirkjastofnun og gengur út á betri flokkun við niðurrif bygginga.

7. Urðunarskattur

Umsagnir lagðar fram frá Sorpu bs., Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ályktun frá haustfundi SSV.

8. Malbik og framkvæmdir við vélageymslu

- a. Tilboð frá Borgarverki að upphæð kr. 10.390.500 að leggja 1500 m² malbikað plan ásamt undirvinnu. Samþykkt.
- b. Einnig samþykkt að kaupa og setja upp stóra hurð fyrir troðarann á gafl vélageymslu að austanverðu.

9. Önnur mál.

a. FENÚR-fundur í Hveragerði 17.10.2019

Framkvæmdastjóri reifaði fund Fenúr en Þorsteinn Eyþórsson sótti einnig þann fund. Þema haustfundar FENÚR var plast og endaði á heimsókn í fyrirtækið Pure North sem er staðsett í Hveragerði og endurvinnur plast.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:52.

Hrefna B Jónsdóttir.